

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla-
og Vestur-Skaftafellssýslu.

Hvolsvelli 12.08.2016

Til stjórnna sveitarfélaga á þjónustusvæði Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu. Varðar fyrirhuguð foreldrafærninámskeið.

Tilgangur þessa bréfs er að óska eftir stuðningi sveitarfélaga á þjónustusvæði *Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu* við foreldrafærninámskeið sem fyrirhugað er að halda fyrir foreldra barna á leikskólaaldri.

Til að tryggja velferð barna og góðan aðbúnað er mikilvægt að styðja við foreldra í uppeldis-
hlutverki sínu. Aukist færni foreldra í að takast á við ýmsar erfiðar aðstæður sem geta skapast
í uppeldinu, má koma í veg fyrir að vandinn verði stærri og yfirgripsmeiri síðar. Í því sam-
bandi hefur sýnt sig að gott forvarnarstarf er afar mikilvægt og getur skipt sköpum.

Á undanförmum árum hafa í mörgum sveitarfélögum landsins verið haldin svokölluð foreldra-
færninámskeið og er nú í undirbúningi að hefja slíkt námskeiðahald hér hjá okkur. Um er að
ræða námskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* sem sérstaklega er þróað fyrir
íslenska foreldra og fjallar um „aðferðir til að styrkja eigin hæfni, laða fram æskilega hegðun
barnsins og fyrirbyggja erfiðleika á jákvæðan hátt“.

Rannsókn hefur verið gerð á árangri þessa tiltekna námskeiðs og benda niðurstöður eindregið
til gagnsemi slíkra uppeldisnámskeiða. (Sjá nánar: <http://www.hirsla.lsh.is/lsh/handle/2336/556036>).
Niðurstöðurnar styðja ennfreður niðurstöður annarra rannsókna sem einnig hafa sýnt fram á
góðan árangur af foreldrafærninámskeiðum og öðrum sambærilegum úrræðum til að styrkja
foreldra ungra barna í uppeldishlutverkinu.

Til að tryggja möguleika allra foreldra til að sækja slíkt námskeið er nauðsynlegt að þátttaka
sé ókeypis, fyrir utan bók sem foreldrar þurfa að kaupa á vægu verði. Til að hvetja foreldra
ennfrekar til þátttöku hafa sum sveitarfélög boðið 5 % afslátt af leikskólagjöldum í tiltekinn
tíma og hefur með því tekist að ná upp mikilli og almennt þátttöku. Til að auka líkur á
þátttöku foreldra með lítið stuðningsnet er einnig hugsanlegt að bjóða upp á barnagæslu á
meðan á námskeiðinu stendur.

Ef jákvæðar undirtektir verða frá sveitarfélögunum munu væntanlega tveir starfsmenn frá Félags- og skólaþjónustunni afla sér réttinda til að halda námskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* fyrir foreldra, í stað þess að kaupa utanaðkomandi fagfólk til að sjá um námskeiðahaldið. Þannig skapast einnig möguleiki á að halda slík námskeið með reglulegu millibili, án þess að umtalsverður kennslukostnaður fylgi hverju skipti.

Við óskum hér með eftir að sveitarstjórnirnar hver og ein taki til umræðu á næsta fundi sínum hvort og hvernig þeirra sveitarfélag geti stutt við þessar hugmyndir um fyrirhuguð foreldrafærninámskeið.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Bestu kveðjur.

Edda G. Antonsd.

Forstöðumaður skólaþjónustu
Rang. og V.-Skaft.

Katna Þorsteinsson

Félagsmálastjóri félagsþjónustu
Rang. og V.-Skaft.

